

MINNISBLAÐ

Búðardal, 11.11.2022

Beitar – og ræktunarland Dalabyggðar

Dalabyggð hefur haft til útleigu beitar- og ræktunarland undanfarin ár. Um er að ræða eftirfarandi svæði (í samræmi við fylgiskjal 1):

- Beitarland svæði: B-1, B-2 og B-4
- Sumarheit svæði: B-3, B-5, B-6, B-7, B-8, B-9, B-10, B-11, B-12, B-13 og B-14
- Ræktun svæði: R-1, R-2, R-3, R-4, R-5, R-6 og R-7

Leigusamningar um beitarland skulu gerðir til 5 ára í senn, en samningar um ræktunarland til 3ja ára í senn samkvæmt reglum Dalabyggðar um úthlutun og leigu á þessum svæðum. Að leigutíma liðnum skal umsækjandi hafa forleigurétt að landinu til jafnlangs tíma og upphaflegur leigutími, óski hann framlengingar.

Síðast voru þessi svæði auglýst til leigu í maí 2020 og renna því samningar um ræktunarland út í maí 2023. Bændur leggja drög að áburðarkaupum í árslok eða strax í byrjun á nýju ári fyrir næstkomandi vor, þá hefst jarðvinnsla fyrir m.a. endurræktun oftast á vormánuðum ásamt því að girðingarvinna fer af stað. Því skýtur það skökku við að samningar um ræktunarlönd renni út að vori til.

Eðlilegra væri að gera samninga að hausti svo leigutaki geti gert nauðsynlegar ráðstafanir fyrir komandi nýtingar ár og geti þá að lokinni nýtingu að sumri til, tekið ákvörðun um hvort áhugi eða þörf sé á að sækja um svæðin að nýju. Þannig er hægt að tryggja betur að aðföng og vinna nýtist örugglega í þágu leigutaka.

Lagt er til að byggðarráð gefi heimild til að þessi skekkja verði rétt af, með því að þeir sem hafa haft tilgreind svæði til umráða frá síðustu auglýsingu, fái framlengingu fram á haustmánuði og eftir það verði samningstímabil miðað við að samningum ljúki að hausti.

FYLGISKJAL 1

Dalabyggð - Beitar- og slægjulönd í landi Fjósa

B	Beitarland	
SK	Skógrækt	
R	Ræktun/ tún	

